

18.maí 2011

Lokaniðurstaða athugunar á fjárfestingum hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var á heimasíðu þess þar sem gerð var grein fyrir tilteknum atriðum sem þörfuðust úrbóta í kjölfar athugunar á fjárfestingum hjá Sameinaða lífeyrissjóðnum.

Í kjölfar athugunarinnar sem Fjármálaeftirlitið framkvæmdi 10.-12. nóvember 2010, rituðu fulltrúar Fjármálaeftirlitsins skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent sjóðnum þann 5. janúar 2011 og honum gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri fyrir 26. Janúar 2011. Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn lífeyrissjóðsins að hún fæli innri eftirlitsaðila að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram komu í skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Greinagerð innri eftirlitsaðila var send Fjármálaeftirlitinu 30. apríl 2011.

Fjármálaeftirlitið telur að í meginatriðum hafi verið brugðist við öllum athugasemdum og ábendingum sem fram komu í skýrslunni. Samstarf Fjármálaeftirlitsins við stjórnendur og starfsmenn sjóðsins var með ágætum meðan á vettvangsathugun stóð og við frekari gagnaöflun vegna skýrslunnar.